

Til fræðsluráðs Hafnarfjarðar,
/ Kristínar Thoroddsen, formanns

Erindi: Ósk um styrk frá Hafnarfjarðarbæ vegna tölvubúnaðar í rafíþróttastarfi FH

Fimleikafélag Hafnarfjarðar (FH) ætlar að bjóða upp á rafíþróttir (e. eSports) innan knattspyrnu-deildar félagsins. Rafíþróttir eru samheiti yfir skipulagða keppni í tölvuleikjum. Félagið hefur fundið fyrir miklum áhuga á rafíþróttum hjá börnum og unglingum í Hafnarfirði. Til að mynda mættu um 80 manns, bæði fullorðnir og ungmenni, á kynningarfund um rafíþróttir og rafíþróttastarf FH sem félagið hélt 8. maí síðastliðinn.

FH vill veita þessum efnilegu ungmennum tækifæri að hittast í Kaplakrika og spila saman tölvuleiki. Í Krikanum æfa þau tölvuleikjaspilun undir eftirliti og leiðsögn reyndra þjálfara þar sem áhersla er lögð á ábyrga, heilsusamlega, markvissa og skipulagða spilun. Ungmennin fá þannig að sinna þessu sameiginlega áhugamáli sínu í hópi og rækta hæfileika sína í faglegu, skemmtilegu og umfram allt öruggu umhverfi.

Félagið hefur kynnt sér vel rafíþróttir erlendis, sérstaklega rafíþróttastarf í þekktum íþróttafélögum í nágrennalöndunum, og er í góðu sambandi við nokkur þeirra. Það er búið að setja upp umgjörðina og skipuleggja starfið, setja sér metnaðarfull markmið og móta framtíðarsýnina. **Sjá nánar um rafíþróttastarf FH í viðauka á bls. 2.**

Fræðsluráð Hafnarfjarðar hefur lýst því yfir að það taki rafíþróttum fagnandi og vilji styðja og vinna með íþróttafélögum í bænum varðandi uppbyggingu á greininni í félögunum. FH leggur til vandaða aðstöðu fyrir æfingarnar í Kaplakrika en þarf að leigja allan tölvubúnað sem fylgir spilun tölvuleikja, s.s. tölvur, skjái/ sjónvörp, lyklaborð, mús, fjarstýringar og heyrnartól, auk sérstakra stóla.

FH væntir þess að eiga gott samstarf við bæjaryfirvöld og óskar eftir að þau veiti félaginu fjárhagslegan styrk sem nemur leigu á tölvubúnaði. Sú fjárhæð er að lágmarki 250.000 krónur á mánuði. Félagið hefur núþegar tilkynnt um sumarnámskeið í rafíþróttum sem hefjast um miðjan júní og vonast því eftir skjótum svörum frá bæjaryfirvöldum og að þau samþykki styrkinn. Í haust fer svo starfsemin á fullt með skipulögðum æfingatímum.

Hafnarfirði, 3. júní 2019

F.h. aðalstjórnar Fimleikafélags Hafnarfjarðar

 Aðalstjórn
Kt. 540169-2769

Elsa Hrönn Reynisdóttir, framkvæmdastjóri

Viðauki

Samfélagslegt vandamál

Mörg börn og unglingar eyða miklum tíma í að spila tölvuleiki heima hjá sér, oft ein(ir) inni í dimmu herbergi, nærast á óhollum drykkjum, mat og sætindum, eiga í litlum samskiptum við fjölskyldu og aðra, fara ekki út úr húsi, o.s.frv. Of mikil tölvuleikjaspilun (ffkn) getur þannig leitt til óáskilegra lífshátta á borð við félagslega einangrun, ónægan svefn, hreyfingarleysi og óhollt mataræði.

Foreldrar hafa eðlilega áhyggjur af stöðu mála og vilja breyta þessu hegðunarmynstri barna sinna. Mikilvægt er að hafa í huga að mörg ungmenni geta ekki stundað eða finna sig ekki í venjulegu hópastarfi og vilja t.d. frekar spila tölvuleiki en æfa og keppa í hefðbundnum íþróttum.

Rafíþróttastarf FH

Ein leið til að takast á við þetta vandamál er að foreldrar leyfi börnum sínum að mæta á æfingar í tölvuleikjaspilun hjá FH líkt og í öðrum íþróttagreinum félagsins. Á æfingum hitta þau önnur ungmenni með sama áhugamál, eiga meiri samskipti, eignast nýja vini, læra samvinnu og að tilheyra liði, öðlast meira sjálfstraust, fá fræðslu um tölvuleiki og rétta nálgun spilunar, o.m.fl.

Viðhorf okkar er að það er kúl að spila tölvuleiki því það krefst mikilla hæfileika og mikilla æfinga til að verða góð(ur) í spilun tölvuleikja. En spilunin, eins og flest annað í lífinu, verður að vera í hófi og í réttu jafnvægi við aðra þætti hversdagslífsins.

Við leggjum mikla áherslu á að við erum ekki að spila tölvuleiki eingöngu okkur til skemmtunar, heldur erum við að æfa markvisst til að verða betri spilarar og undirbúa okkur undir skipulagða keppni í einstaklings- eða fjölspilaraleikjum. Og til að ná góðum árangri í rafíþróttum, líkt og í öðrum íþróttum, þarf maður að vera í góðu líkamlegu formi, æfa rétt og vel, leggja hart að sér, huga að mataræðinu, fá nægan svefn, o.s.frv. Líkamlegar æfingar og teygjur eru mikilvægur hluti tölvuleikja-æfinganna. Við viljum þannig byggja brú milli hefðbundinna íþróttar og rafíþróttar.

Í byrjun ætlum við að einbeita okkur að rafíþróttastarfi fyrir börn og unglinga á aldursbilinu 10-16 ára. En við munum að sjálfsögðu skoða að bjóða yngri spilurum líka upp á rafíþróttir sé áhugi fyrir hendi hjá þeim.

Til fræðsluráðs Hafnarfjarðar,
/ Kristínar Thoroddsen, formanns

Erindi: Beiðni um starfsmenn frá Hafnarfjarðarbæ vegna sumarnámskeiða í rafíþróttum hjá FH

Fimleikafélag Hafnarfjarðar (FH) ætlar að bjóða upp á rafíþróttir (e. eSports) innan knattspyrnu-deildar félagsins. Rafíþróttir eru samheiti yfir skipulagða keppni í tölvuleikjum. Félagið hefur fundið fyrir miklum áhuga á rafíþróttum hjá börnum og unglungum í Hafnarfirði. Til að mynda mættu um 80 manns, bæði fullorðnir og ungmenni, á kynningarfund um rafíþróttir og rafíþróttastarf FH sem félagið hélt 8. maí síðastliðinn.

FH vill veita þessum efnilegu ungmennum tækifæri að hittast í Kaplakrika og spila saman tölvuleiki. Í Krikanum æfa þau tölvuleikjaspilun undir eftirliti og leiðsögn reyndra þjálfara þar sem áhersla er lögð á ábyrga, heilsusamlega, markvissa og skipulagða spilun. Ungmennin fá þannig að sinna þessu sameiginlega áhugamáli sínu í hópi og rækta hæfileika sína í faglegu, skemmtilegu og umfram allt öruggu umhverfi.

Félagið hefur kynnt sér vel rafíþróttir erlendis, sérstaklega rafíþróttastarf í þekktum íþróttafélögum í nágrannalöndunum, og er í góðu sambandi við nokkur þeirra. Það er búið að setja upp umgjörðina og skipuleggja starfið, setja sér metnaðarfull markmið og móta framtíðarsýnina. **Sjá nánar um rafíþróttastarf FH í viðauka á bls. 2.**

Fræðsluráð Hafnarfjarðar hefur lýst því yfir að það taki rafíþróttum fagnandi og vilji styðja og vinna með íþróttafélögum í bænum varðandi uppbyggingu á greininni í félögunum. FH leggur til vandaða aðstöðu fyrir æfingarnar í Kaplakrika en þarf 2-3 starfsmenn á unglingsaldri til að aðstoða þjálfara við æfingar og fleira á rafíþróttanámskeiðum félagsins í sumar.

FH væntir þess að eiga gott samstarf við bæjaryfirvöld og óskar eftir að þau útvegi félaginu tvö eða þrjú áhugasöm ungmenni sem hafa sótt um starf á vegum bæjarins í sumar en fá í staðinn að vinna á námskeiðum í rafíþróttum hjá FH í júní og júlí, og þiggja fyrir laun frá bænum. Félagið hefur núþegar tilkynnt um sumarnámskeið í rafíþróttum sem hefjast um miðjan júní og vonast því eftir skjótum svörum frá bæjaryfirvöldum og að þau samþykki beiðnina.

Hafnarfirði, 3. júní 2019

F.h. aðalstjórnar Fimleikafélags Hafnarfjarðar

Aðalstjórn
Kt. 540169-2769
 Elsa Hrönn Reynisdóttir

Elsa Hrönn Reynisdóttir, framkvæmdastjóri

Viðauki

Samfélagslegt vandamál

Mörg börn og unglingar eyða miklum tíma í að spila tölvuleiki heima hjá sér, oft ein(ir) inni í dimmu herbergi, nærast á óhollum drykkjum, mat og sætindum, eiga í litlum samskiptum við fjölskyldu og aðra, fara ekki út úr húsi, o.s.frv. Of mikil tölvuleikjaspilun (ffkn) getur þannig leitt til óæskilegra lífshátta á borð við félagslega einangrun, ónægan svefn, hreyfingarleysi og óhollt mataræði.

Foreldrar hafa eðlilega áhyggjur af stöðu mála og vilja breyta þessu hegðunarmynstri barna sinna. Mikilvægt er að hafa í huga að mörg ungmenni geta ekki stundað eða finna sig ekki í venjulegu hópastarfi og vilja t.d. frekar spila tölvuleiki en æfa og keppa í hefðbundnum íþróttum.

Raflífróttastarf FH

Ein leið til að draga úr eða leysa þetta vandamál er að foreldrar leyfi börnum sínum að mæta á æfingar í tölvuleikjaspilun hjá FH líkt og í öðrum íþróttagreinum félagsins. Á æfingum hitta þau önnur ungmenni með sama áhugamál, eiga meiri samskipti, eignast nýja vini, læra samvinnu og að tilheyra liði, öðlast meira sjálfstraust, fá fræðslu um tölvuleiki og rétta nálgun spilunar, o.m.fl.

Viðhorf okkar er að það er kúl að spila tölvuleiki því það krefst mikilla hæfileika og mikilla æfinga til að verða góð(ur) í spilun tölvuleikja. En spilunin, eins og flest annað í lífinu, verður að vera í hófi og í réttu jafnvægi við aðra þætti hversdagslífsins.

Við leggjum mikla áherslu á að við erum ekki að spila tölvuleiki eingöngu okkur til skemmtunar, heldur erum við að æfa markvisst til að verða betri spilarar og undirbúa okkur undir skipulagða keppni í einstaklings- eða fjölspilaraleikjum. Og til að ná góðum árangri í raflífróttum, líkt og í öðrum íþróttum, þarf maður að vera í góðu líkamlegu formi, æfa rétt og vel, leggja hart að sér, huga að mataræðinu, fá nægan svefn, o.s.frv. Líkamlegar æfingar og teygjur eru mikilvægur hluti tölvuleikjaæfinganna. Við viljum þannig byggja brú milli hefðbundinna íþróttanna og raflífróttanna.

Í byrjun ætlum við að einbeita okkur að raflífróttastarfi fyrir börn og unglunga á aldursbilinu 10-16 ára. En við munum að sjálfsgöðu skoða að bjóða yngri spilurum líka upp á raflífróttir sé áhugi fyrir hendi hjá þeim.